

# Héraðsdómur Vesturlands



## ÚRSKURÐUR

3. mars 2026

Mál nr. E-180/2025

**Málval ehf.**

*(Hafsteinn Viðar Hafsteinsson lögmaður)*

**gegn**

**Ólafi Einari Rúnarssyni**

*(Einar Páll Tamimi lögmaður)*

### **I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð**

1. Mál þetta var höfðað 28. maí 2025. Stefnandi er Málval ehf., ..., ..., og stefndi er Ólafur Einar Rúnarsson, ..., ..

2. Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.743.193 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 1.724.631 kr. frá 31. ágúst 2023 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

3. Stefndi skilaði greinargerð samkvæmt heimild í 6. málslíð 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi, einkum vegna vanreifunar, og málskostnaðar úr hendi stefnda.

4. Málflutningur fór fram um þá kröfu 30. október sl. og var frávísunarkröfu stefnda hafnað með úrskurði uppkveðnum 12. nóvember sl. Þegar sú niðurstaða lá fyrir óskaði stefndi í sama þinghaldi eftir fresti til að leggja fram greinargerð um efnisatriði málsins en lögmaður stefnanda mótmælti því þá að slík greinargerð kæmist að í málinu en frestur til þess hafi liðið fjórum vikum eftir þingfestingu, óháð því hvort til umfjöllunar dómsins hafi verið framangreind krafa stefnda um frávísun.

5. Málflutningur fór því fram 10. desember sl. um það hvort slíkri greinargerð yrði komið að í málinu. Með úrskurði dómsins 22. desember sl. var kröfu stefnda um frest til að skila slíkri greinargerð hafnað en ákvörðun um málskostnað látin bíða efnisdóms. Lögmenn óskuðu þá eftir fresti til að íhuga næstu skref. Í þinghaldi 20. janúar óskaði lögmaður stefnanda eftir fresti til að leggja fram frekari gögn og eftir atvikum sókn. Til þess kom þó ekki þar sem dómari tók þá ákvörðun í þinghaldi 3. febrúar sl. að ekki yrði heimiluð frekari gagnaframlagning og rétt væri að dómataka málið í þeim búngingum sem það var þá, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar í máli nr. 341/2021.

## **II. Helstu málsatvik og málsástæður aðila**

6. Stefnandi er í stefnu málsins sagt félag sem annist málningarþjónusta og vörusölu tengda þeirri starfsemi. Krafa stefnanda er sögð vegna vinnu við spörslun og málun í fasteign stefnda að ... í .... Stefndi hafi leitað til stefnanda og óskað eftir tilboði í spörslun og málun vegna eignarinnar 28. mars 2023. Aðilar hafi í kjölfarið gert með sér munnlegan samning á grundvelli þess tilboðs.

7. Í apríl sama ár hafi komið mikið hvassviðri með tilheyrandi rigningu þegar verið var að vinna í þaki hjá stefnda af hálfu annarra aðila en stefnanda. Frágangur á þaki og þakkanti á fasteign stefnda hafi að sögn stefnanda verið ófullnægjandi og valdið því að vatn hafi farið inn í vegg og steinullareinangrun blotnað. Verktakar hafi þá opnað veggina og rist lúgugöt á gifspötur til að ná blautu einangrunarullinni út og setja nýja í staðinn. Afleiðing þessa hafi verið sú að alger forsendubrestur hafi orðið frá tilboði stefnanda í verkið enda það orðið vegna þessa mun umfangsmeira varðandi spörslun. Forsvarsmaður stefnanda kveðst hafa farið yfir þetta með stefnda sem hafi þá óskað eftir því við stefnanda að hann héldi áfram vinnunni þrátt fyrir aukið umfang og kostnað. Stefndi myndi í framhaldinu sækja rétt sinn annað vegna þeirrar viðbótavinnu sem væri nauðsynleg. Þessari málavaxtalýsingu hefur stefndi mótmælt að öllu leyti.

Stefnandi kveðst hafa gefið út fjóra reikninga vegna verksins, samtals að fjárhæð 6.654.413 kr., og hafi tveir þeirra verið gerðir upp en sá þriðji og fjórði hafa ekki fengist greiddir þrátt fyrir innheimtutilraunir stefnanda þar að lútandi. Krafan sé byggð á framlögðum reikningum:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	31.08.2023	31.08.2023	1.724.631,00
1.	31.03.2025	31.03.2025	2.018.562,00

8. Samtala framangreinds nemi 3.743.193 kr. sem sé stefnufjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda sé sá dagur sem fram komi hér að framan og séu stefnufjárhæð og dráttarvextir miðuð við það tímamark. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

9. Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### *Sjónarmið stefnda*

10. Þrátt fyrir að stefndi hafi ekki komið að efnisvörnum var skírskotað til slíkra í greinargerð um frávísunarkröfu stefnda.

11. Þar gengst stefndi við því að hafa samþykkt tilboð stefnanda í umrætt verk sem hafi náð til efnis, verkfæra, áhaldna, trygginga og skatta, gistingar, fæðis og ferða, alls að fjárhæð 2.912.760 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur, en tilboðinu hafi fylgt magntölur teknar saman af stefnanda. Stefnandi hafi ekki enn í dag lokið umsömdu verki og langt frá því. Stefnandi hafi hins vegar greitt svo til alla þessa fjárhæð til stefnda og einnig auka útlagðan kostnað sem hafi átt að vera innifalinn í tilboðsfjárhæðinni. Því hafi þeir reikningar sem málið snýst um komið stefnda algjörlega í opna skjöldu enda séu þeir tilhæfulausir.

12. Stefndi kveður stefnanda enga grein gera fyrir því hverjir *svokallaðir verktakar* hafi verið og hvort þeir hafi verið á vegum stefnanda eða stefnda og hvort þær framkvæmdir sem í stefnu sé lýst og höfðu mikil áhrif á verkið hafi verið að beiðni stefnanda eða stefnda, eða jafnvel að frumkvæði umræddra verktaka sjálfra. Þá sé ekki gerð nægjanleg grein fyrir því hvenær það óveður hafi skolið á sem valdið hafi meintum leka sem bregðast hefði þurft við, en stefndi kannist við

hvorugt. Þá sé með öllu óljóst umfang lekans og á hvaða framkvæmdir hann hafi kallað sérstaklega.

13. Stefndi kveðst ekki samþykka að í meintu samtali hans og forsvarsmanns stefnanda um aukið umfang og kostnað vegna verksins hafi hann samþykkt meira en tvöföldun kostnaðar fyrir verk sem ekki var eða sé lokið. Við slíkt samtal kannast stefndi ekki. Þá sé óútskýrt hvernig framangreint tilboð sem hafi byggst á magntölum stefnanda hafi breyst yfir í það að vera samningur um ótakmarkaða tímavinnu. Þá sé heldur ekki aðskilinn í kröfugerð kostnaður sem hafi verið vegna upphaflegs samnings og kostnaður sem leitt hafi af meintu lekatjóni.

### III. Niðurstaða

14. Þrátt fyrir að stefndi komi ekki að sýknukröfu í málinu eða kröfu um lækkun á stefnukröfum vegna réttarfarsreglna, sbr. úrskurð dómsins undir rekstri málsins 22. desember sl., er hann eftir sem áður aðili að þessu máli og ekki er að mati dómsins því hægt að fara með það að öllu leyti líkt og um útvistarmál sé að ræða skv. 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda hefur þingsókn aldrei fallið niður af hálfu stefnda. Að nokkru leyti svipar stöðu málsins hins vegar til þeirrar sem uppi er þegar stefndi hefur skilað inn greinargerð um efnisvarnir en þingsókn fellur niður á síðari stigum þótt undir slíkum kringumstæðum séu möguleikar varnaraðila/stefnda rýmri til að koma efnisvörnum að, eftir atvikum með endurupptöku máls auk þess sem stefnandi á þá kost á að skila inn sókn sbr. 3. mgr. 96. gr. s.l. Í máli þessu verður þannig að mati dómsins óhjákvæmilega horft til þeirra sjónarmiða og athugasemda sem stefndi hefur þó teft fram til stuðnings því að málatilbúnaður stefnanda sé ófullburða, með kröfu um frávísun málsins.

15. Í þinghaldi 12. nóvember 2025 var eftirfarandi fært í þingbók eftir að málflutningur hafði farið fram um hvort vísa bæri málinu frá dómi:

„Í málinu er nú kveðinn upp úrskurður um að hafna kröfu stefnda um frávísun málsins með vísan til 112. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki eru efni til að kveða á um málskostnað á þessu stigi.

#### Úrskurðarorð

Kröfu stefnda um frávísun málsins er hafnað. Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms.

Dómari gerir stuttlega grein fyrir röksemdum fyrir niðurstöðu sinni og telur rétt að færa þær helstu í þingbók. Mikilvægast í því sambandi er að dómari telur að málsgrundvöllur sá sem stefnandi leggur upp með sé nægjanlega skýr og skapi stefnda ekki sérstök vandkvæði á því að taka til varna. Stefnandi krefst greiðslna fyrir verktakavinnu í þágu stefnda og leggur fram til

stuðnings kröfu sinni, verktilboð, reikninga, tímaskráningu og magntölur. Stefnda getur því ekki dulist hver krafan er, hvernig hún er til komin og hvernig stefnandi hyggist rökstyðja hana.

Stefndi hefur tiltekið í greinargerð sinni ýmsar ávirðingar sem hann ber á stefnanda í tengslum við framkvæmd á því verki sem um ræðir og stefnandi krefst greiðslu fyrir úr hendi stefnda. Kveður stefndi verkinu hvergi nærri lokið, á skorti að fullyrðingar stefnanda um meint aukið umfang og kostnað við verkið séu rökstuddar nægjanlega og þá hvert umfangið hafi verið auk þess sem óljóst sé hvaða verktakar aðrir en stefnandi hafi komið að málinu. Að auki er lýst frekari meintri vanreifun málsins að mati stefnda.

Dómurinn telur að framangreind atriði séu öll þess eðlis að hægt sé að skýra þau út eins og þurfa þykir undir rekstri málsins, en í þessu sambandi er rétt að halda því til haga að ekki verður ætlast til þess að stefnandi svari fyrirfram í stefnu atriðum sem stefndi kann að tefla fram í sinni málsvörn, hvort sem er til stuðnings frávísunarkröfu eða varðar efnisatriði máls.

Samkvæmt framangreindu telst stefnandi hafa lagt nægjanlega skýran grundvöll að máli sínu á hendur stefnda og eru ekki efni að svo stöddu til að vísa málinu frá dómi. Í því sambandi skiptir máli að málið er á byrjunarreit hér fyrir dómi og gagnaöflun hefur ekki verið lýst lokið.

Verður því ekki séð á þessu stigi að málatalibúnaður stefnanda, þótt kunnir að vera í knappara lagi, hafi komið niður á vörnum stefnda eða komi til með að gera það. Sumt sem stefndi gerir ljóslega ágreining um verður og að telja mögulegt að skýra undir rekstri málsins eftir atvikum við skýrslutökur eða með frekari gagnaöflun ef þörf verður talin á.“

16. Ekki kom til frekari gagnaöflunar heldur var málið dómtekið 3. febrúar sl. á grundvelli þeirra gagna sem stefnandi lagði fram við þingfestingu málsins, sbr. framangreint, en áður en til þess kom vakti dómari athygli lögmanna á því að til greina kæmi að vísa málinu frá dómi þrátt fyrir framangreindan úrskurð.

17. Eina sönnunargagnið sem stefnandi leggur fram til stuðnings því að samningur hafi komist á við stefnda er óundirritað tilboð hans til stefnda, dagsett 2. apríl 2023, í málningarvinnu í eign stefnda að fjárhæð alls 2.912.760 kr., en tilboðið virðist byggt á magntölumælingum sem einnig eru lagðar fram. Þetta er sú fjárhæð sem stefndi kveðst hafa samþykkt að greiða og ágreiningslaust er að fyrstu tveir reikningar stefnanda, að fjárhæð m.v. málatalibúnað stefnanda 2.911.220 kr., voru greiddir en þarna skeikar einungis 1.540 kr. þannig að ekki er óvarlegt að ætla að þar sé um að ræða reikningsgerð á grundvelli sammings aðila og hann því að fullu uppgerður.

18. Allur grundvöllur málsins hvílir því í raun á meintum aukaverkum stefnanda í þágu stefnda. Til stuðnings þeim málatalibúnaði eru hins vegar engin gögn lögð fram nema einhliða og óstaðfestar tímaskýrslur starfsmanna stefnanda sjálfs, sem er reyndar nokkuð erfitt að heimfæra með nákvæmum hætti upp á stefnukröfur málsins og málatalibúnað stefnanda. Með kröfugerð

sinni er þó stefnandi að krefjast alls 6.654.413 kr. vegna vinnu við verkið og í þágu stefnda eða um 130% hærri greiðslu en fyrir liggur að var samþykkt og greitt fyrir.

19. Ekkert nema örstutt skýring stefnanda sjálfs í stefnu málsins styður þennan málaltilbúnað. Engin gögn utan einhliða gagna frá stefnanda styðja staðhæfingu um að slíkur samningur hafi verið gerður. Ekki eru veittar neinar upplýsingar um það hvaða þriðji aðili það var sem olli því tjóni eða fór í þær framkvæmdir sem urðu til þess að verk stefnanda ríflega tvöfaldaðist að magni. Þá er engin grein gerð fyrir því hvers vegna reikningur vegna vinnuliðar að fjárhæð 2.018.562 kr., eða rúmur helmingur af stefnufjárhæð, er ekki gefinn út fyrir en næstum tveimur árum eftir að verkinu átti að ljúka og án þess að séð verði að nokkrar innheimtutilraunir hafi verið gerðar vegna þess reiknings eða samskipti milli aðila um hann þrátt fyrir fullyrðingu í stefnu málsins um hið gagnstæða. Reyndar er ekkert í málaltilbúnaði stefnanda, utan fullyrðinga í stefnu sem stefndi mótmælir, sem gefur til kynna að aðilar hafi verið í sambandi vegna þessara aukaverka og að um þau hafi verið rætt og engin skrifleg gögn staðfesta slíkt. Af því leiðir jafnframt að fullyrðing í stefnu um að gjalddagar útgefna reikninga, og þar með kröfugerð stefnanda um dráttarvexti, séu umsamdir milli aðila er engum gögnum studd auk þess sem kröfugerðin í þeim efnum er á skjön við síðari reikninginn og gengur ekki upp.

20. Málið er, sbr. framangreint, höfðað eingöngu til innheimtu á kröfu vegna aukaverka eða eftir atvikum á grundvelli meints samnings um nýtt verk vegna tjóns sem aðrir urðu valdir að og leiddi að sögn stefnanda til tjóns fyrir stefnda sem þurfti að bæta úr. Um þetta eru engin gögn lögð fram, hvorki samtímagögn né gögn um samskipti aðila eftir að meint vinna var innt af hendi. Óútskýrt er þá hvers vegna ekki var strax krafist greiðslu fyrir verkið með útgáfu reiknings vegna aukavinnuliðar þá þegar og verkinu lauk að sögn stefnanda í stað þess að gera það í lok mars 2025. Engar upplýsingar liggja þá fyrir um verkstöðu eða að verkið hafi verið tekið út eða staðfesting á því að verkinu sé lokið, sem stefndi mótmælir. Ekki er þá vísað til almennra reglna um aukaverk í verktakarétti eða hvernig reglur laga nr. 42/2000 gætu mögulega stutt við kröfur stefnanda vegna þessa viðbótarsamnings/aukaverka sem krafist er greiðslu fyrir, en enga tilvísun til laganna er að finna.

21. Eins og að framan greinir var frávísun málsins hafnað á fyrri stigum, m.a. með vísan til þess að fullyrðingar stefnda um sakarefnið væru þess eðlis að gæfu stefnanda ríkt tilefni til að bregðast við og skýra málaltilbúnað sinn betur undir rekstri málsins. Framangreindur úrskurður, þar sem frávísunarkröfu var hafnað, byggði þannig á því að málið væri vanreifað en þess vænst að úr þeirri vanreifun yrði bætt. Það hefur augljóslega ekki verið gert í ljósi þess að dómari ákvað að ekki yrði heimiluð frekari gagnaframlagning og málið yrði dómtekið í þeim búningi sem það var

þegar fyrir lá að stefndi kæmi ekki að efnisvörnum í málinu. Líkt og þær réttarfarsreglur, sem leiddu til þess að sú varð raunin, leggja kröfur á stefnda um að standa rétt að málsvörn sinni og gæta að réttarfarsreglum, þ.m.t. tímafrestum, verður sú krafa gerð til stefnanda að undir þeim kringumstæðum sem uppi eru í máli þessu þar sem stefnandi hefur hafnað því að efnisvarnir stefnda komist að, sé málatilbúnaður hans það skýr að hægt sé að fella á málið efnisdóm, enda möguleikar stefnanda til úrbóta í þeim efnum takmörkunum háðir sbr. m.a. framagreindan úrskurð Landsréttar nr. 341/2021.

22. Dómurinn telur hins vegar svo ekki vera sbr. framangreint og að á skorti að færð hafi verið fram fullnægjandi gögn til stuðnings stefnukröfum og málsástæðum stefnanda, sbr. áskilnað g-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991, og því verður málinu vísað frá dómi vegna vanreifunar, enda hefur í engu verið bætt úr þeim ágöllum sem voru á málinu í öndverðu og kallað var eftir frekari reifun á með tilheyrandi gagnaöflun. Hér athugast að dómari er ekki bundinn af úrskurði þar sem frávísunarkröfu er hafnað ef nýjar upplýsingar koma fram síðar varðandi varðandi það atriði sem úrskurðað var um sbr. 3. mgr. 100. gr. laganna, en eðli máls samkvæmt verður máli jafnframt vísað frá dómi ef frávísunarkröfu er hrundið á grundvelli þess að hægt sé að bæta úr vanreifun máls á síðari stigum en slíkum tilmælum síðan í engu sinnt af stefnanda. Um sambærilega niðurstöðu má vísa til úrskurðar Landsréttar í máli nr. 166/2021. Með vísan til þess úrskurðar telur dómurinn þá einnig rétt hér, að virtum atvikum og rekstri málsins, að málskostnaður milli aðila falli niður þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. og önnur fordæmi.

23. Málið rak fyrir stefnanda Hafsteinn Viðar Hafsteinsson lögmaður en Einar Páll Tamimi lögmaður fyrir stefnda.

24. Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi kveður upp úrskurðinn.

## ÚRSKURÐARORÐ

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Lárentsínus Kristjánsson